

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Haukadalsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

Ár 2011, laugardaginn 19. nóvember kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mættir voru Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Haukadalsár.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 22. júlí 2010, fór stjórn Landeigendafélags Haukadalsár neðri í Dalasýslu fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Kemur fram í bréfinu að beiðnin sé sett fram með tilliti til þess að í árslok 2008 hafi stjórninni borist bréf frá fulltrúa eigenda einnar jarðar á félagssvæðinu þar sem farið hafi verið fram á að gerð yrði ný arðskrá. Hafi þessi ósk síðan verið tekin til umfjöllunar á aðalfundi félagsins hinn 28. júní 2009 og þar verið samþykkt samhljóða að fela stjórn félagsins að láta gera nýja arðskrá fyrir ána. Í framhaldi þessa, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn 10. október 2010 í veiðihúsi veiðifélagsins og var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Haukadalsá, neðan Haukadalsvatns. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki en engar athugasemdir komu fram. Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og var hluti þeirra gagna afhentur á fundinum. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

3. Vettvangsganga o.fl.

Sunnudaginn 10. október 2010 fóru matsmenn í vettvangsferð um það svæði sem til mats er. Í vettvangsgöngunni, eða á matsfundi sem haldinn var að henni lokinni, hittu matsmenn og ræddu við eftirgreinda veiðiréttareigendur eða fulltrúa þeirra: Jóel

Þorbjarnarson fyrir Harrastaði, Braga Hilmarsson og Guðbrand Guðmundsson fyrir Lækjarskóg, Gunnar Ásgeirsson, Þórarinn Gunnarsson og Benedikt Gunnarsson fyrir Stóra-Skóg, Hjört Sigurðsson fyrir Köldukinn, Birgi Hauksson fyrir Laxaborg, Brynjólf Aðalsteinsson og Agnar Brynjólfsson fyrir Brautarholt og Sigurð Jökulsson fyrir Vatn. Enginn fulltrúi kom fyrir Skógskot, en arðshlutur þeirrar jarðar er metinn sameiginlega með Stóra-Skógi. Matsmenn hlustuðu á sjónarmið fyrrgreindra manna og skoðuðu eftir atvikum tiltekin svæði árinna.

Haukadalsá er um 7,5 km löng frá Haukadalsvatni að ósi í sjó. Áin hefur víðfemt vatnsvið, um 256 km². Á mörkum Köldukinnar og Vatns rennur Þverá út í Haukadalsá, en vatnasvæði hennar er utan félagssvæðisins og skal ekki hafa áhrif á matsgerð eins og segir í bréfi formanns félagsins, dags. 22. júlí 2010.

Við útfall Haukadalsár úr Haukadalsvatni mælist meðalrennsli árinna 13,4 m³/s en í flóðum er þar oft tólffalt meðalrennsli. Í fyrstu rennur áin rúman kílómetra eftir fremur hallalitlu landi. Síðan vex hallinn og á næsta tveggja kílómetra kafla lækkar árfarvegurinn um 20 metra, eða í 15 metra hæð yfir sjávarmáli. Þetta er straumharðasti hluti árinna og rennur hún þar að hluta í gljúfrum. Neðan gljúfranna dreifir áin meira úr sér og skiptist þar á köflum í kvíslar. Ágætlega er greiðfært með ánni, alveg niður að ósi í sjó, að undanskildum kafla þar sem hún rennur í gili neðan við þjóðveginn. Þar er þó ágætt göngufæri á gilbarminum og víða þökkalegt að komast niður að ánni.

Alls eru í ánni 40 merktir og númeraðir veiðistaðir, flestir á efri svæðum árinna. Veiðistaðir á neðsta svæðinu eru hins vegar tiltölulega fáir en margir þeirra eru langir og fiskur tekur þar víða. Í ánni er leyft að veiða á fimm stangir og er heimilt að veiða í 90 daga yfir sumarið. Engar takmarkanir eru með agn, en aðallega er veitt á flugu og lítills háttar á maðk. Við ána er veiðihús.

4. Um veiðifélagið

Á fundi, sem haldinn var að Skógskoti hinn 21. ágúst 1973, var Landeigendafélag Haukadalsár stofnað og náði það til allra jarða sem land eiga að Haukadalsá, neðan Haukadalsvatns. Á fundinum voru samþykktir fyrir félagið samþykktar og undirritaðar af eigendum. Hinn 18. júní 2007 samþykkti fundur í félaginu nýjar samþykktir fyrir félagið. Í bréfi til matsnefndar frá stjórn félagsins kom fram að þessar samþykktir hefðu ekki hlotið staðfestingu Fiskistofu og því ekki verið birtar. Sagði í bréfi frá formanni að félagið starfaði því eftir upphaflegum samþykktum. Fyrir liggur nú að hinn 20. október 2011 gaf Fiskistofa út og staðfesti samþykkt fyrir Veiðifélag Haukadalsár nr. 1041/2011, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 7. nóvember 2011.

Fram kemur í 1. grein samþykktarinnar að nafn félagsins sé Veiðifélag Haukadalsár.

Í 2. gr. samþykktarinnar segir að markmið félagsins sé ræktun Haukadalsár með seiða-sleppingum og öðrum þeim umbótum sem henti á hverjum tíma, t.d. gerð fiskvega,

fjölgun veiðistaða, vatnsmiðlun, vegalagningu að veiðistöðum o.fl. Einnig að gera leigusamning fyrir Haukadalsá og annast rekstur hennar.

Samkvæmt 3. gr. eru félagsmenn skráðir eigendur/ábúendur eftirfarandi jarða og landareigna, sem land eiga að vatnasvæði Haukadalsár frá Haukadalsvatni að sjó en þær eru: Stóri-Skógur, Skógskot, Harrastaðir, Lækjarskógur, Brautarholt, Laxaborg, Kaldakinn og Vatn.

Í 10. gr. samþykktarinnar er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

5. Rekstur veiðivatna

Vatnasvæðið er leigt svissneskum leigutökum. Gildandi samningur var upphaflega gerður árið 1979 og hefur síðan verið uppfærður eftir þörfum segir í tölvupósti frá stjórn félagsins. Sömu leigutakar hafa verið með ána allan þennan tíma. Ekki liggja fyrir gögn um leigutekjur eða greiddan arð til félagsmanna.

6. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í ánni gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent viðstöddum veiðiréttareigendum á framangreindum fundi hinn 10. október 2010 en aðrir fengu bréfið sent í pósti. Bárust nefndinni greinargerðir frá eigendum eða talsmönnum Lækjarskóga, Stóra-Skógs, Laxaborgar og Vatns. Verður hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

6.1 Lækjarskógar

Eigendur jarðarinnar vísa í greinargerð sinni í fyrsta lagi til þess að svo virðist sem lengd bakka jarðarinnar við ós árinna hafi verið mæld miðað við meðalfjöru í stað stórstraumsfjöru eins og eðlilegra hefði verið. Hafi bakkalengd Lækjarskógar, og þá einnig Harrastaða, verið vanmetin sem því nemi. Í öðru lagi sé ljóst að eigendur Lækjarskóga hafi orðið af miklum tekjum mörg undanfarin ár þar sem gildandi arðskrá gefi engan veginn rétta mynd af því hvernig arðurinn hefði í raun átt að skiptast miðað við veiði síðustu 20 ára. Telji þeir sanngjarnt að tekið verði tillit til þess við endurákvörðun arðskrárinnar nú. Þar sem hægt sé að krefjast endurmats á 8 ára fresti sé farið fram á að útreikningur matsins taki mið af veiðitölum síðustu þriggja til fimm ára.

Eigendurnir kveðast hafa heyrt það sjónarmið að eigendur Þverár eigi að fá aukna hlutdeild í arði Haukadalsár með tilliti til þess vatnsmagns sem hún leggi til árinna. Vegna þessa sé á það bent að í samræmi við vilja eigenda Þverár sé hún leigð út sérstaklega og renni allur arður af henni til eigendanna burtséð frá því að laxinn hafi ferðast upp Haukadalsá á leið sinni í Þverá. Sami leigutaki sé að Þverá og Haukadalsá neðri og noti hann veiðihúsið við Haukadalsá og aðra þá aðstöðu sem veiðiréttareigendur

þar hafi byggt upp með ærnum tilkostnaði. Með hliðsjón af þessu geti engan veginn talist sanngjarnt að úthlutað verði auknum arði vegna þessa. Svipuð sjónarmið eigi einnig við um Haukadalsvatn og það vatnsmagn sem þar bætist við ána. Eigendur veiðiréttar þar selji veiðileyfi hver fyrir sínu landi og fái eigendur Haukadalsár efri enga hlutdeild í arði vegna þess þrátt fyrir að Haukadalsá efri renni í Haukadalsvatn.

Að lokum taka eigendurnir fram, vegna umræðna á matsfundi um nauðsyn á auknum rafveiðum í ánni, að fyrir liggi sú umsögn frá Veiðimálastofnun að óljóst sé á hvaða hátt rafveiðar þar á 20 stöðum eigi að bæta við fyrirbyggjandi gögn. Sé því farið fram á að óskir um slíkar rannsóknir verði ekki til að tefja fyrir því að matsnefndin kveði upp sinn úrskurð.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telji eigendurnir að hlutur Lækjarskóga í arðskrá eigi að vera um 20%.

6.2 Laxaborg

Talsmaður eiganda bendir á að hugsanlegt sé að sleppingar gönguseiða í neðri hluta árinna hafi átt þátt í að veiðihlutfall hafi aukist þar verulega undanfarin ár. Sé þess því eindregið óskað að ekki verði tekið tillit til veiðitalna 2009 og 2010 við arðskrámatið.

6.3 Vatn

Veiðiréttareigandi telur að við mat á þeim þætti er lýtur að hrygningar- og uppeldisskilyrðum verði að hafa í huga þá niðurstöðu rannsókna á búsvæðum árinna að ekki séu bein tengsl á milli gæða búsvæða og eiginlegs seiðabúskapar þar. Óraunhæft sé því við mat á þessum þætti arðskrármatsins að byggja einungis á fyrirbyggjandi búsvæðamati heldur verði það einungis gert svo fullnægjandi sé með auknum rafveiðum á mismunandi svæðum árinna.

Þá sé athygli matsnefndar vakin á því að síðustu ár hafi sleppitjarnir verið starfræktar í ánni. Vitað sé að lax úr slíkum sleppingum gangi að langmestu leyti á ný á ársvæðið þar sem viðkomandi sleppitjörn sé staðsett, þar sem fiskurinn hafi tekið út sjóþroska sinn fyrir sjógöngu. Hafi reyndin verið sú að veiði hafi aukist hlutfallslega á neðri svæðunum samanborið við svæði Vatns á tímabilinu, eftir að farið var að sleppa úr sleppitjörnum, þá megi rekja þá aukningu til þeirrar fiskræktarstýringar sem slíkum sleppitjörnum fylgi. Komi til hlutfallslegrar aukningar á afla vegna slíkra sleppinga sé ekki sjálfsagt að hún eigi að leiða til samsvarandi aukinnar hlutdeildar viðkomandi jarða í arðskrá með hliðsjón af því að sleppitjörnum hafi verið misskipt á milli jarða sem land eigi að Haukadalsá.

6.4 Stóri-Skógur

Eigandi bendir á að byrjað hafi verið að sleppa sjógönguseiðum í ána vorið 2008. Hafi þá verið sleppt 9.000 til 10.000 seiðum ofan við Gálgahamar en 8.000 seiðum við Þverá. Árið eftir hafi síðan 20.000 seiðum verið sleppt við Gálgahamar og vorið 2010 hafi þar enn verið sleppt 10.000 seiðum og 10.000 seiðum við neðri brúna. Fyrir liggi ýmsar rannsóknir sem sýni að lax úr sleppingum skili sér aðallega í aukinni veiði í nágrenni

sleppistaða en ekki í aukinni veiði ofan við þá staði. Sé það því hans álit að seiðasleppingar á neðsta svæði árinna hafi haft veruleg áhrif á aukna veiði þar og sé því farið fram á að veiðitölur árinna 2009 og 2010 verði ekki teknar með við arðskrárgerðina. Einnig kunni að mega rekja ástæður hlutfallslegrar veiðiaukningar á neðra svæðinu til þess að allt frá árinu 2007 hafi vatn í ám á Vesturlandi verið í algjöru lágmarki vegna tíðra þurrka þar. Sé hvað það varði vísað til meðfylgjandi yfirlits um rennslismælingar frá vatnamælingadeild Veðurstofunnar auk blaðs þar sem gerður sé samanburður á veiði og rennslismagni. Hins vegar verði framangreind aukning veiði á neðri svæðum árinna á engan hátt rakin til veglagningar þangað enda hafi vegslóði verið þar í áratugi.

Gerð sé athugasemd við fyrirbyggjandi búsvæðamat Veiðimálastofnunar að því leyti að ekki sé þar tekið tillit til mismunandi frjósemi á milli eða innan vatnsfalla heldur eingöngu tekið mið af botngerð og straumlagi. Réttlæt看legt sé að gefa útfallssvæðum neðan vatnsins meira vægi en gert sé í búsvæðamatinu. Á slíkum svæðum sé þéttleiki seiða oft meiri en á sambærilegum svæðum annars staðar í ánni vegna mikils fæðuframboðs þar.

7. Skipting arðs

7.1 Almenn

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurbætur veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fíks.“ Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurbætur á veiði eða úthlutun arðs: „a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns, c. veiðitalna í stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns, g. hrygningar- og uppeldisskilyrða.“ Tekið er fram að við mat á framangreindum þáttum skuli meta vægi þeirra við verðmætasköpun veiðivatnsins. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta sem varða aðstæður og ýmsar fiskræktar- og umhverfisframkvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 10. gr. samþykktar fyrir Veiðifélag Haukadalsár skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Í gildandi arðskrá er jörðum ákveðinn tiltekinn hundraðshluti heildararðs. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 7.2, 7.3 og 7.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

7.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði

Ekkert liggur fyrir um lax- eða silungsveiði í net í Haukadalsá neðri og er því ekki úthlutað einingum vegna þess þáttar.

Eigendur Lækjarskóga hafa krafist þess að við mat á þessum þætti arðskrármatsins verði einungis horft til veiðitalna fyrir síðustu þrjú til fimm árin með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í kafla 6.1. Eigendur jarðanna Stóru-Skóga, Lækjarborgar og Vatns hafa á hinn bóginn sett fram öndverð sjónarmið sem rakin eru í köflum 6.2, 6.3 og 6.4. Vegna þessa tekur matsnefnd fram að við mat á þessum þætti arðskrármatsins hafi nefndin almennt lagt til grundvallar niðurstöðu skrár um veiðitölur á því árabili sem liðið hefur frá gildistöku fyrri arðskrár. Með hliðsjón af því hve langt er um liðið frá gerð gildandi arðskrár er það niðurstaða matsnefndar að leggja beri hér til grundvallar veiðitölur frá og með árinu 1990, sem eru elstu fyrirbyggjandi veiðitölur hjá Veiðimálastofnun vegna árinna, og til ársins 2010.

Samkvæmt framangreindri skrá Veiðimálastofnunar fyrir tímabilið 1990 til 2010 voru 13.242 laxar skráðir veiddir á merktum veiðistöðum. Var þessari veiði skipt á jarðir samkvæmt fyrirbyggjandi skrá um hvaða veiðistaðir tilheyra hverri jörð. Auk þessa voru 226 laxar skráðir veiddir án tilgreiningar á veiðistað. Afli sem ekki er skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.925 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði.

Óveruleg silungsveiði er í Haukadalsá neðri og ekki er fyrirbyggjandi skrá um þá veiði eða skiptingu á einstaka veiðistaði. Er silungsveiði því ekki látin hafa áhrif í mati þessu.

7.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Í gögnum sem matsnefnd voru afhent á fundi með veiðiréttareigendum 10. október 2010 kom fram mæld bakkalengd hverrar jarðar. Sú mæling var gerð eftir nákvæmum loftmyndum í tengslum við búsvæðamat árinna. Er sú mæling lögð til grundvallar við matið. Reyndist lengd árinna, frá ósi í sjó að Haukadalsvatni, vera 7.504 m. Eina athugasemdin sem fram hefur komið við þessa mælingu er frá eigendum Lækjarskóga, á þá leið að mæld bakkalengd við ós Haukadalsár hafi verið miðuð við meðalfjöru en telja verði eðlilegra að bakkalengdin miðist við stórstraumsfjöru. Sé bakkalengd Lækjarskóga og Harrastaða vanmetin sem því nemi. Matsnefnd telur að þetta sé réttmæt ábending en fór ekki fram á endurmælingu þar sem ný mæling myndi hafa óveruleg áhrif á niðurstöðu arðskrármatsins og tefja framgang þess.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 3.000 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd Haukadalsár.

7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Hrygningar- og uppeldisskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa, og þar með fyrir verðmæti þeirra, en jafnan hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að meta gildi þessara skilyrða við arðskrárgerð. Sérfræðilegu mati búsvæða er ætlað að bæta úr þessu.

Við mat þessa þáttar leggja matsmenn til grundvallar skýrslu, sem unnin var af fyrirtækinu Laxfiskum í apríl 2010. Ber skýrslan nafnið „Mat á búsvæðum laxaseiða og seiðabúskap í Haukadalsá“ og er unnin af Jóhannesi Sturlaugssyni og Erlendi Geirdal. Í skýrslunni er framleiðslueiningum skipt á jarðir innan veiðfélagsins.

Í búsvæðamatinu kemur fram að það byggi í grundvallaratriðum á staðlaðri aðferðafræði sem fylgt hefur verið við mat á uppeldisskilyrðum fyrir laxaseiði með hliðsjón af botngerð straumvatna, svo kallað botnmat. Til viðbótar botnmati var seiðabúskapur kannaður með rafveiðum á fimm stöðum til að fá innsýn í það hvernig þeim málum væri háttað. Farið var með ánni og henni skipt upp í fjóra einsleita kafla. Með einsleitum kafla er átt við að grófleiki botnsins og straumlag sé með svipuðum hætti. Á hverjum árkafla voru tekin þversnið og fjöldi þeirra réðst af lengd kaflans. Alls voru tekin 20 þversnið í ánni.

Við mælingar á flatarmáli svæðanna var stuðst við loftmyndakort af ánni í hæstu mögulegri upplausn og flatarmál svæðanna mælt í tölvu með þar til gerðu forriti. Lengd árinna mældist 7,5 km og heildarflatarmál 21,6 ha. Meðalbreidd árinna mældist 28,7 m.

Í skýrslunni kemur fram að það einfaldi hlutina umtalsvert við búsvæðamatið hve einsleit áin sé að grunni til varðandi undirlagið og einnig í megindráttum varðandi straumlagið. Þá segir að niðurstöður á seiðabúskap frá rafveiðum gefi gagnlega mynd af seiðamagni á þeim svæðum sem könnuð hafi verið. Almennt er það niðurstaða skýrslunnar að efstu svæði árinna séu góð fyrir seiðauppeldi.

Í skýrslunni eru framleiðslueiningar árinna reiknaðar 6.499,4. Sé skipting þeirra á jarðir á norðurbakka árinna skoðuð kemur í ljós að 11,17% framleiðslueininganna falla til Vatns en sú jörð á 8,85% af heildarlengd árinna. Lækjarskógur fær 22,13% af framleiðslueiningunum en er með 21,30% af landlengd. Brautarholt fær 5,83% af framleiðslueiningum en er með 5,12% af landlengd. Laxaborg er með 6,72% af framleiðslueiningum en 8,74% af landlengd og Kaldakinn með 4,16% af framleiðslueiningum en 5,99% af landlengd. Samsvarandi skipting er á milli landlengdar og framleiðslueininga jarða á suðurbakka árinna.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 1.975 einingum milli veiðiréttareigenda vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða. Þessum einingum er skipt milli jarða á grundvelli búsvæðamatsins.

Eigandi Vatns benti á nauðsyn aukinna rafveiða í greinagerð sinni, sbr. kafla 7.3. Í fyrirbyggjandi tölvupósti frá Guðna Guðbergssyni, sviðsstjóra hjá Veiðimálastofnun, kemur fram að ekki sé ljóst á hvaða hátt seiðamælingar á 20 stöðum í ánni geti bætt við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir né hvernig matsnefnd gæti tekið tillit til þeirra. Sé því vart skynsamlegur kostur að leggja út í kostnað sem þessu fylgdi. Með hliðsjón af þessu telur matsnefnd ekki ástæðu til að fara fram á auknar rafveiðar.

Í framangreindri skýrslu um mat á búsvæðum laxaseiða og seiðabúskap í Haukadalsá kemur fram að verulegur munur sé á seiðaframleiðslu í efsta hluta árinna og neðri hluta hennar. Sé mesti munur á seiðavísitölu milli rafveiðistöðva 27-faldur fyrir sumargömul laxaseiði og 26-faldur fyrir eldri seiði. Einnig gefi niðurstöður vísbendingar um að vöxtur seiða sé minni á neðri svæðum árinna. Nærtækt sé að ætla að nálægðin við Haukadalsvatn spili þarna lykilhlutverk vegna þeirra þörungna sem þaðan falli niður í ána, en þær aðstæður skapi næringarlegt kjörlandi fyrir uppvöxt seiða. Sams konar sjónarmið koma fram í fyrirbyggjandi skýrslu Veiðimálastofnunar frá árinu 1995. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að skipta 100 einingum sérstaklega milli veiðiréttareigenda á 1.250 metra kafla efst á matssvæðinu.

8. Aðrir þættir

8.1 Seiðasleppingar

Í köflum 6.2, 6.3 og 6.4 hér að framan eru rakin sjónarmið varðandi seiðasleppingar árin 2008, 2009 og 2010. Við skoðun á veiðitölum árinna 2009 og 2010, samanborið við fyrri ár, liggur fyrir að aukning hefur orðið á veiði á neðsta svæði árinna. Hér er um stutt tímabil að ræða og ljóst að fleiri þættir geta hafa haft áhrif á veiði á einstökum veiðistöðum. Með hliðsjón af þessu telur matsnefnd ekki unnt að taka sérstakt tillit til sleppitjarna í mati þessu.

8.2 Laxastigar og/eða fiskvegir

Matsnefnd er ekki kunnugt um neinar framkvæmdir við fiskvegi í Haukadalsá og hefur slíkt því engin áhrif í mati þessu.

8.3 Hliðarár

Þverá rennur í Haukadalsá á mörkum jarðanna Köldukinnar og Vatns. Þverá er utan félagssvæðisins samkvæmt samþykkt veiðifélagsins og er því á engan hátt tekin inn í mat þetta.

9. Aðrar kröfur

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum, er hafnað.

10. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 1.998.306 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Haukadalsár og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Haukadalsár skal vera sem hér greinir:

Lækjarskógur.....	1.582
Brautarholt.....	413
Laxaborg	1.030
Kaldakinn.....	978
Vatn.....	997
Harrastaðir.....	1.673
Skógskot.....	1.109
Stóri-Skógur.....	2.218
Samtals	10.000

Reykjavík 19. nóvember 2011

Örlygur Hnefill Jónsson formaður
sign

Ásgeir Magnússon
Sign

Magnús Ólafsson
sign

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Tölur frá Veiðimálastofnun um veiði á einstökum stöðum í Haukadalsá fyrir árin 1990-2010.
2. Tölur frá veiðifélaginu um veiði á einstökum veiðistöðum í Haukadalsá.
3. Skrá yfir veiðistaði og hvaða jörð hver veiðistaður tilheyrir.
4. Kort af ánni sem sýnir merкта veiðistaði í ánni, landlengd hverrar jarðar og framleiðslueiningar samkvæmt búsvæðamati.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Mat á búsvæðum laxaseiða og seiðabúskap í Haukadalsá. Jóhannes Sturlaugsson og Erlendur Geirdal, 2010.
2. Mæling á lengd árbakka einstakra jarða við Haukadalsá, tafla birt í skýrslu um búsvæði.
3. Skrá um jarðir og eigendur að veiðisvæði veiðifélagsins.
4. Loftmynd af ánni og næsta umhverfi frá Loftmyndum ehf.
5. Haukadalsá í Dalasýslu, Rannsóknir á laxastofni 1995. Sigurður Már Ein+arsson. VMST-V/96001X.
6. Tölvupóstur frá Guðna Guðbergssyni, sviðsstjóra auðlindasviðs Veiðimálastofnunar, dags. 13. október 2010.

C. Arðskrár

1. Upplýsingar frá veiðifélaginu um gildandi arðskrá.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf frá fulltrúum eigenda Lækjarskóga, dags. 21. nóvember 2010.
2. Bréf frá eiganda Stóra-Skógs, dags. 25. nóvember 2010.
3. Bréf frá eiganda Vatns, dags. 30. nóvember 2010.
4. Bréf frá fulltrúa eiganda Laxaborgar, dags. 30. nóvember 2010.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o. fl.

1. Bréf formanns Landeigendafélags Haukadalsár, dags. 22. júlí 2010. Beiðni um mat á gildandi arðskrá.
2. Bréf matsnefndar til stjórnar landeigendafélagsins, dags. 6. september 2010. Beiðni um gögn.
3. Bréf matsnefndar til stjórnar landeigendafélagsins, dags. 25. september 2010. Tilkynning um fyrirtöku máls.
4. Bréf formanns félagsins, Agnars Bents Brynjólfssonar, dags. 24. september 2010. Fylgibréf með gögnum.
5. Fundargerð matsnefndar, fyrirtaka máls 10. október 2010.
6. Fundargerð Landeigendafélags Haukadalsár, dags. 10. október 2010.
7. Bréf formanns félagsins, dags. 14. júní 2011.
8. Tölvupóstur matsnefndar til formanns félagsins 23. júní 2011.
9. Tölvupóstur frá stjórn félagsins 21. júlí 2011.
10. Samþykkt fyrir Landeigendafélag Haukadalsár neðan Haukadalsvatns, dags. 22. ágúst 1973.
11. Samþykkt fyrir Landeigendafélag Haukadalsár neðan Haukadalsvatns, dags. 18. júní 2007.
12. Samþykkt fyrir Veiðifélag Haukadalsár nr. 1041/2011, dags. 20. október 2011.